

Fjallskilanevnd Álftaversafréttar

Fundur fjallskilanevndar Álftaversafréttar haldinn að Mýrum þann 8. mars 2017.

Mættir eru Páll Eggertsson, Örvar Egill Kolbeinsson, Þormar Ellert Jóhannsson og Jóhannes Gissurarson.

Formaður setur fundinn og býður fundargesti velkomna.

Jóhannes leggur fram breytingatillögu og viðbætur við fjallskilasamþykkt Skaftárhrepps. Tillögurnar verða svo sendar áfram til sveitastjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Þormar Ellert Jóhannsson

Fundur fjallskilanevndar Álftaversafréttar haldinn 19.júní 2017.

Mættir eru Páll Eggertsson, Örvar Egill Kolbeinsson og Þormar Ellert Jóhannsson.

Þann 16.júní fór gróðurverndarnevnd og Landgræðsla Ríkisins í gróðraskoðun á Álftaversafrétt. Metið var sem svo að hefja mætti upprekstur

Fjallskilanevnd samþykkir að hefja megi upprekstur þann 20.júní 2017.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Þormar Ellert Jóhannsson

Fundur fjallskilanevndar Álftaversafréttar haldinn að Mýrum þann 21.ágúst 2017.

Mættir eru Páll Eggertsson, Jóhannes Gissurarson, Örvar Egill Kolbeinsson og Þormar

Ellert Jóhannsson.

Formaður setur fundinn og býður fundargesti velkomna.

Formaður leggur fram drög að fjallskilaseðli miðað við 90 dagsverk annars vegar og 100 dagsverk hins vegar. Landverð 40% og fjártala 60% sem fyrr.

Fjallskilaseðill miðaður við 100 dagsverk samþykktur.

Jóhannes Gissurarson kjörinn fjallkóngur áfram.

Daggjald á afrétti 14.048 kr. haustið 2017.

Áætlað að fara í 1.safn þann 8.september 2017.

Sveitastjórn samþykkti í fjárhagsáætlun 2017 að gera ráð fyrir 200 þús.kr. í viðhald á lögrétt Álftveringa. Ákveðið að líta á lögréttina við tækifæri, hugsanlega setja timbur í stað nets í dilkum. Efnistaka og fá verð. Einnig á að fara yfir gerði við Jökulkvísl.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Þormar Ellert Jóhannsson

Fundur fjallskilanevndar Álftaversafréttar haldinn að Mýrum þann 12.desember 2017.

Mættir eru Páll Eggertsson, Jóhannes Gissurarson, Örvar Egill Kolbeinsson og Þormar Ellert Jóhannsson.

Formaður segir fund settann og býður fundargesti velkomna.

Jóhannes leggur fram uppgjör fjallskila haustið 2017. Áætlun hljóðaði upp á 100 dagsverk en unnin voru 93 þetta haustið. Eftir standa þar af leiðandi 7 dagsverk sem ganga til greiðslu til Björgunarsveitarinnar Lífgjafar fyrir notkun á bíl sveitarinnar. Daggjald er 14.048 kr x 7 dagsverk og gera það 98.336 kr. til Lífgjafar.

Akstur bíls þetta haustið var 1.010 km en annarra ökutækja 575 km, en kemur hann ekki til greiðslu á þessu uppgjöri.

Uppgjörið skoðast samþykkt.

Páll Eggertsson sendir sveitastjórn Skaftárhrepps fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 og hljóðaði hún upp á 100.000 - 120.000 kr til viðhalds mannvirkja.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið

Þormar Ellert Jóhannsson